



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. október 2024

MSS24100058

## Tillaga íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um lóða- og framkvæmdaskilmála og umgengni á byggingarlóðum

Á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals 16. október 2024, lagði íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals fram og samþykkti, svohljóðandi tillögu dags. 9. október 2024:

Lagt er til að íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að grípa til viðeigandi ráðstafana svo að almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar vegna uppbyggingar í borgarhlutanum verði virtir. Einnig óskar íbúaráðið eftir að efnt verði til átaks vegna daprar umgengni á og við byggingarlóðir í Úlfarsárdal. Í mörgum tilfellum eru byggingarlóðir og nágrenni þeirra notað sem geymslusvæði svo mánuðum skiptir með tilheyrandi sóðaskap og slyshættu.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals lagði fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals hefur margoft á liðnum misserum fjallað um slæmt ástand á byggingarlóðum í Úlfarsárdal sem rýrir lífgæði íbúa og skapar hættu. Ráðið hefur samþykkt að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að gera bragarbót og mun máli sínu til stuðnings senda myndir sem draga glögglega fram stöðu mála og umfang vandans.

Þessu er hér með komið á framfæri og þess óskað að umhverfis- og skipulagsráð taki samþykkt íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals til afgreiðslu. Í samræmi við bókun ráðsins eru myndir meðfylgjandi bréfi þessu.

Virðingarfyllt,  
Heimir Snær Guðmundsson  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
*Miðlæg stjórnýsla*  
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Tillaga íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um lóða- og framkvæmdaskilmála og umgengni á byggingarlóðum.

Myndir af lóðum í Úlfarsárdal.



Reykjavík



Reykjavík, 9. október 2024

MSS24100058

## TILLAGA

### Tillaga íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um lóða- og framkvæmdaskilmála og umgengni á byggingarlóðum

Lagt er til að íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að grípa til viðeigandi ráðstafana svo að almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar vegna uppbyggingar í borgarhlutanum verði virtir. Einnig óskar íbúaráðið eftir að efnt verði til átaks vegna daprar umgengni á og við byggingarlóðir í Úlfarsárdal. Í mörgum tilfellum eru byggingarlóðir og nágrenni þeirra notað sem geymslusvæði svo mánuðum skiptir með tilheyrandi sóðaskap og slyshættu.

Greinargerð:

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdal telur nauðsynlegt að farið verði í átak í eftirfylgni á lóða- og framkvæmdaskilmálum í hverfinu. En í hverfinu eru að finna lóðir sem hafa staðið óbyggðar/hálfbyggðar í langan tíma. Óskum við eftir því að farið verði í átak svo hraða megi uppbyggingu á óbyggðum/hálfbyggðum lóðum og framkvæmdir séu í samræmi við lóða- og framkvæmdaskilmála.

Einnig óskar íbúaráðið eftir að efnt verði til átaks vegna daprar umgengni á og við byggingarlóðir í Úlfarsárdal. Í mörgum tilfellum eru byggingarlóðir og nágrenni þeirra notað sem geymslusvæði svo mánuðum skiptir með tilheyrandi sóðaskap og slyshættu.

Nauðsynlegt er að þar til bærir aðilar innan borgarkerfisins ráðist í skoðun á umgengni á og við uppbyggingarlóðir og geri í kjölfarið uppbyggingaraðila/lóðarhafa grein fyrir skyldum sínum skv. gildandi reglum.

Með samheldnu átaki eykst vonandi uppbyggingarhraði í hverfinu, ásýnd hverfisins verður ákjósanlegri og öryggi íbúa tryggt á meðan á byggingaframkvæmdum stendur.

Mikilvægt er að þessum atriðum sé fylgt eftir enda er það hagur allra að koma þessum málum í ákveðin farveg enda margir íbúar langþreyttir á sóðaskap, slæmri umgengni og slyshættu í og við uppbyggingarsvæði í hverfinu.



Reykjavík

## Úlfarsárdalur óbyggðar lóðir á vormánuðum. 2024



Gefjunarbrunnur 6 – 8







Gefjunarbrunnur 7



Iðunnarbrunnur 14 - 16



Ib. 14 - 16





Ib. 14 - 16



Ib. 14 - 16





Friggjarbrunnur 21



Iðunnarbrunnur 13





Iðunnarbrunnur 7



Friggjarbrunnur 31 - 33





Urðarbrunnur 96 – 98



Gerðarbrunnur 7





Gerðarbrunnur 7



Sifjarbrunnur 1





Lofnarbrunnur 44 - 46







Lofnarbrunnur 44 – 46 Lýðveldinu

Hringtorgs lóðin. 2 lóðir Miðbæjarkjarni !!! stutt í skólann og kránna.